

Mál nr. 15/2020**M og
V v/ ábyrgðartryggingar læknis A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna sjúkdómseinkenna í kjölfar magabandsaðgerðar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.1.2020, ásamt fylgigögnum.
Tölvubréf V, dags. 27.1.2020.

Málsatvik.

Hinn 12. september 2014 gekkst M undir magabandsaðgerð hjá læknum A. Hinn 22. október sama ár leitaði M til læknis og sama dag var hún lögð inn á sjúkrahús vegna mikilla kviðverkja og var m.a. greind með lungnabólgu. Næstu mánuði á eftir átti hún við ýmis konar sjúkdómseinkenni að stríða, svo sem endurteknar öndunarfærasýkingar og einkenni frá meltingarfærum. Í ágúst 2015 var magabandið fjarlægt.

M taldi sig hafa orðið fyrir líkamlegu heilsutjóni af völdum magabandsaðgerðarinnar í september 2014 og krafðist bóta úr sjúklingatryggingu sem A hafði í gildi hjá V. Með sameiginlegri beiðni M og V í júlí 2017 voru tveir læknar, B og D, fengnir til að láta í té skriflegt og rökstutt álit um afleiðingar af völdum aðgerðarinnar. Með matsgerð þeirra, dags. 12. febrúar 2019, var komist að þeirri niðurstöðu að í umræddri aðgerð hafi ekki falist það sem nefna mætti sjúklingatryggingaratburð. Gangur mála eftir aðgerð verði að mati matsmanna ekki rakinn til aðgerðarinnar og að ekki sé grundvöllur fyrir rétti til bóta með vísan í lög um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Engin gögn liggja fyrir um aðra niðurstöðu varðandi rétt M til bóta úr sjúklingatryggingunni hjá V.

Í málskoti er gerð krafa um að viðurkenndur verði réttur M til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Álit.

Svo M geti átt rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V, eins og krafist er í málskoti, verður að liggja fyrir að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna saknæmrar háttsemi A þannig að M eigi skaðabótakröfu á hendur honum. Í 5. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu er mælt fyrir um ákvörðun bóta vegna tjóns sem hlýst af völdum sjúklingatryggingaratburðar og hámark bótafjárhæðar fyrir hvert einstakt tjónstilvik. Samkvæmt 7. gr. laganna verður skaðabótakrafa á hinn bóginn ekki gerð á hendur neinum sem er bótaskyldur samkvæmt reglum skaðabótaréttar nema tjón hafi ekki fengist að fullu bætt samkvæmt 5. gr. laganna og þá einungis um það sem á vantar. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en M hafi ekki fengið greiddar bætur úr sjúklingatryggingu vegna líkamstjóns sem hún telur sig hafa orðið fyrir og rekja megi til magabandsaðgerðarinnar 12. september 2014. Meðan svo er ástatt á hún ekki skaðabótakröfu á hendur A, sbr. 7. gr. laga nr. 111/2000. Þegar af þeirri ástæðu á hún ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu læknisins A hjá V.

Reykjavík, 11. febrúar 2020.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.